

Nd.

931. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Glundroði ríkir í umhverfismálum hér á landi og löngu orðið tímabært að setja lög um heildaryfirstjórn umhverfismála í stað þess að búta þau niður í margar deildir sem eru hver í sínu ráðuneyti.

Réttast væri að fresta öllum þingmálum sem snerta umhverfismál, þar með töldu frv. til l. um selveiðar og því frv. til l. um verndun gegn mengun sjávar sem hér um ræðir, þar til umhverfismálin hafa verið sameinuð undir einn hatt. Ljóst er þó að ekki er nægilegur skilningur og vilji fyrir hendi hjá núverandi stjórnvöldum til þess að slíkt nái fram að ganga.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að samþykkja beri þetta frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar með smávægilegum breytingum. Undirrituð er ekki á sama máli. Þetta frv. er málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Með samþykkt þess væri í raun verið að staðfesta og löggilda glundroðann í umhverfismálum. Má nefna sem dæmi að skv. 22. gr. væri samgönguráðherra heimilt að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins að stöðva rekstur sem Hollustuvernd ríkisins hefði gefið út starfsleyfi fyrir skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Mengun sjávar er ekkert sérþyrirbæri sem nauðsyn ber til að fela Siglingamálastofnun ríkisins fremur en aðra mengun, heldur er hér um að ræða arf frá gamalli tíð þegar enginn hafði með mengunarvarnir að gera. Þá kom það í hlut Siglingamálastofnunar undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins að staðfesta alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar fyrir Íslands hönd og þannig myndaðist sú hefð sem menn virðast tregir til að breyta þrátt fyrir augljósa ókosti.

Minni hl. vill freista þess að fá samþykktar þær breytingar á frv. að hvers konar mengunarvarnir verði eftirleiðis á einni hendi, þ.e. undir stjórn mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins og heyri undir heilbrigðisráðuneytið, sbr. breytingartillögur á sérstöku þskj. Væri það vissulega spor í átt til þeirrar sameiningar umhverfismála undir einn hatt sem koma skal. Verði þær breytingartillögur ekki samþykktar leggur minni hl. til að frv. verði fellt.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.